

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Vigdísi Hauksdóttur um embættismenn.

1. *Hver er heildarfjöldi embættismanna sem starfa hjá velferðarráðuneytinu og stofnunum þess?*

Hjá ráðuneytinu starfa átta embættismenn og 26 hjá stofnunum þess. Heildarfjöldinn er því 34.

2. *Skipan hve margra þeirra rennur út á þessu ári og skipan hve margra á ári hverju 2017–2020?*

Á árunum 2016–2020 rennur skipunartími embættismanna út eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

2016	2017	2018	2019	2020
3	3	8	7	9

3. *Hve margir embættismenn eru á þessu ári 60–64 ára, 65–66 ára og 67–69 ára og hve margir verða 70 ára á næsta ári?*

Á þessu ári er aldursdreifing eftirfarandi: 60–64 ára eru átta, 65–66 ára eru þrír, 67–69 ára eru fimm og einn verður 70 ára á næsta ári.

4. *Hve margir embættismenn starfa sem skrifstofustjórar innan ráðuneytisins án mannaforráða?*

Einn.